



Alþingi - Samgöngunefnd  
Hr. Ágúst Geir Ágústsson  
nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

2001100119

211

30. október 2001

**Málefni: Frumvarp til laga um fjarskipti, 145. mál.**

Vísað er til bréfs yðar dags. 19. október 2001 þar sem óskað er eftir umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar um 145. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti. Um er að ræða breytingar á 15. og 20. greinum laganna.

1. Lögð er til breyting á 3. mgr. 15. gr. laga um fjarskipti í þeim tilgangi að festa álagningarhlutfall jöfnunargjalds í alþjónustu. Samkvæmt gildandi ákvæðum laga um fjarskipti skal ákveða jöfnunargjald árlega með lögum. Framkvæmdin hefur í samræmi við reglugerð um alþjónustu verið á þann veg að aðilar sækja fyrir 15. október ár hvert um framlög úr jöfnunarsjóði. Stofnunin reiknar síðan út álagningarhlutfall fyrir jöfnunargjald sem leggja skal á fjarskiptafyrirtæki til þess að afla fjár fyrir framlögunum. Hlutfallið er breytilegt eftir upphæð samþykktra umsókna og áætlaðri veltu fjarskiptafyrirtækja sem jöfnunargjaldið er lagt á. Það kemur síðan í ljós ári seinna, eftir að reikningar fjarskiptafyrirtækja hafa verið lagðir fram, hvort áætlunin hafi verið rétt og innheimt jöfnunargjald og framlag greitt til umsækjenda hafi staðist á. Að auki má búast við vanefndum á greiðslu jöfnunargjalda.

Af framansögðu leiðir að álagningarhlutfall getur hæglega tekið breytingum milli ára. Þau tvö ár sem Póst- og fjarskiptastofnun hafa borist umsóknir um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu hefur hlutfallið verið 0,18 og 0,12%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutfallið verði fest og nemi 0,12%. Hlutfallið á að endurskoðast árlega af Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að ákvæðið beri að túlka á þann hátt að stofnunin skuli endurskoða álagningarhlutfallið árlega og reynist nauðsynlegt að mati hennar að breyta hlutfallinu vegna annars tveggja, hærra upphæð beiðna um fjárframlög eða breyttrar veltu fjarskiptafyrirtækja, skuli tillaga um breytt hlutfall lögð fyrir Alþingi. Það er mögulegt að þessi breyting á lögum leiði til þess að Alþingi þurfi ekki að fjalla um álagningarhlutfallið á hverju ári.



2. Lögð er til breyting á 20. gr. laga um fjarskipti í þá veru að færa í íslenska löggjöf helstu efnisatriði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000 um opinn aðgang að heimtaugum. Að auki er samgönguráðherra gert að setja reglugerð sem innleiðir fyrirnefnda reglugerð að fullu. Breyting þessi felur í sér hertar kröfur frá gildandi lögum um aðgang nýrra fyrirtækja á fjarskiptamarkaði að heimtaugum í notendakerfi fyrrverandi einkaréttarhafa. Með reglugerðinni eru Póst- og fjarskiptastofnun veitt úrræði til þess að framfylgja því að heimtaugar verði leigðar á eðlilegum gjöldum. Víða erlendis er talið að heimtaugaleiga sé mikilvægur þáttur í að koma á aukinni samkeppni í fjarskiptaþjónustu því að lagning nýrra notendakerfa er flestum nýjum fjarskiptafyrirtækjum ofviða ef þau eiga að keppa við fyrrverandi einkaréttarhafa um hylli neytenda.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að gildandi lagaákvæði gangi alls ekki nógu langt til þess að tilgangi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins verði náð og mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

---

Guðstav Arnar